

## Fundargerð fjallskilaneftndar Laxárdals 2022

Þriðjudaginn 16.ágúst 2022 kom fjallskilaneftnd saman til fundar að Svarfhóli kl.12:00. Allir fundarmenn voru mættir. Formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

Þetta var gert:

1. Aðalbókarhreyfingar fjallskilasjóðs lagðar fram og er staðan við Dalabyggð 15.553. Fjárhagur ræddur í framhaldi þess. Dagsverk er aðeins reiknað á það fé sem er skráð á Ljárskógafjall, Norðurfjöll og Suðurfjöll. Hausagjald ákveðið kr. 150 á kind. Dagsverkið er metið á 25.000 þúsund. Ákveðið var að hafa 36 kindur í dagsverki.
2. Álagning fjallskila í Laxárdal. Dagsverkum var jafnað niður á fjáreigendur, Fjallskilaneftndin samþykkti að leitir fari fram skv. fjallskilareglugerð. Fyrsta leit fari því fram á Ljárskógafjalli og norðurfjöllum laugardaginn 17. sept og fyrsta rétt sunnudaginn 18. sept. kl: 12:00. Á suðurfjöllum 25. og 26. sept. Önnur leit fari fram á Ljárskógafjalli og norðurfjöllum laugardaginn 1.okt og önnur rétt sunnudaginn 2.okt kl: 16:00. Á suðurfjöllum 3. og 4. okt. Þriðju leit skal vera lokið fyrir 25. okt. Fé sem sótt er utan lögréttar tíma með samþykki fjallskilaneftndar skal flutt í fjárhúsin á Svarfhóli í samráði við Harald Ó Haralds. Nefndin ákvað að semja við Böðvar B Magnússon og Bjarna Hermannsson um flutning á fé úr réttum, en eingöngu er samið um flutning fjár á lögréttar tíma. Ef flytja þarf á öðrum tíma þurfa eigendur að bera þann kostnað sjálfir og eða leita eftir samþykki fjallskilaneftndar hverju sinni. Fé úr Bitru skal sótt í samráði við réttarmenn sem þangað fara á réttardag. Að öðrum kosti ef næst á fullan bíl, annars verður að leita eftir samþykki fjallskilaneftndar um flutning á kostnað fjallskilasjóðs.
3. Nefndin leggur áherslu á nauðsyn þess að fara með safngirðingum og gera við fyrir lögréttir. Þörf er á að laga réttina fyrir haustið. Laga þarf aðkomu að réttinni fyrir fé og vagna og bæta ofaniburði í rétt. Var réttarstjóra falið að fara yfir þessi mál með vörslumanni eigna hjá Dalabyggð.
4. Fjallskilaneftnd hefur áhyggjur af fjölgun refa á svæðinu og vill áréttta við sveitastjórn að finna lausn á þeim málum.
5. Lögð er áhersla á að fjáreigendur skili sínum dagsverkum samkvæmt leitarseðli.
6. Samþykkt var að fjallskilasjóður greiði fyrir kvöldverð leitarmanna á Ljárskógafjalli sem nemur einu dagsverki.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Harald Ó Haralds (formaður)  
Gísli Þórðarson  
Katarínus Jón Jónsson